

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 8. janúar 2021.



16. fundur stjórnar VG, fjarfundur.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Ingibjörg Þórðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Ragnar Auðun Árnason, Sóley Björk Stefánsdóttir, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Cecil Haraldsson, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasarson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Sigrún Birna Steinarsdóttir (fulltrúi UVG), Þuríður Backman (fulltrúi EVG)

F.h. starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lía Björnsdóttir, Lía Kristjánsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Hulda Hólmkelsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt

Fundur settur kl. 15:05.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 4. desember samþykkt.
2. Málefnavarfið og staðan á málefnavarhópum nú í janúar.
 - a. Björg Eva fer yfir stöðuna. Stefnurnar verða tilbúnar fyrir flokksráðsfund. Fundir verða í öllum hópum 10.-20 janúar.
 - b. Katrín segir frá því að hún og Guðmundur Ingi ásamt ritnefnd fari yfir stefnurnar milli flokksráðsfundar og landsfundar. Svo verði þær til umfjöllunar á flokksráðsfundar í ágúst.
3. Undirbúningur flokksráðsfundar 29.-30. janúar.
 - a. Guðmundur Ingi fer yfir. Búið er að senda út dagskrá og hvatningu um skráningu. Áhersla verður á málefnavarhópvinnuna. Fastir liðir eins og ræður formanns og varaformanns og almennar stjórn málaumræður.
 - b. Kynningar allra hópa sem teknar verða upp fyrirfram og svo umræður um þær
 - c. Björg Eva segir að skráning gangi vel.

4. Starfið fram að landsfundi.
 - a. Katrín segir það tengjast mjög málefnaþróunum. Undirbúningur kosningabaráttu, framboða og landsfundar. Við þurfum að fara að vinna í dagskrá. Velta upp hugmyndum að erlendum gestum.
 - b. Björg Eva segir frá því að við séum með Hörpu frátekna en það verður að koma í ljós hvort þetta verður í fjarfundi.

5. Forvöl og kosningaundirbúningur í kjördæmisráða.
 - a. Björg Eva fer yfir stöðuna. Minnir á að allt sé á heimasíðu VG. Aðeins NA-kjördæmi er komið með kjördag. Við verðum alls staðar með rafræn forvöl og það er í undirbúningi.
 - b. Elva Hrönn segir frá því að félagsfundur VGR verði 18. janúar.
 - c. Þóra Magnea segir frá því að komin sé stjórn VG á Akranesi og að starfið sé komið af stað.

6. Leiðarvísir um skipulag forvals.
 - a. Björg Eva fer yfir. Segir frá því að verið að reyna að girða fyrir að hægt sé að túlka reglurnar á mismunandi vegu.
 - b. Katrín vill fara yfir það hvernig frambjóðendur kynna sig á tímum Covid þegar ekki er hægt að halda hefðbundna framboðsfundi.
 - c. Umræður

7. Drög að starfsáætlun VG 2021.
 - a. Katrín ræðir. Ítarleg drög hafa verið send stjórnarmönnum.
 - b. Björg Eva fer yfir. Bendir á að starfsáætlunin sé mjög ítarlega en muni smám saman breytast í tímalínu. Hápunktar eru flokksráðfundir og landsfundur.
 - c. Rætt var um tímasetningar fyrir stjórnarfundi. Föstudagarnir eru hentugir fyrir fólk sem þarf að ferðast á fundi og einnig því þá er ekkert þinghald. Rætt um hvort annar hver fundur verði áfram fjarfundir eftir Covid. Stungið var upp á að skrifstofan útbúi einhvers konar skoðanakönnun með þremur valkostum.

8. Erindi Bjarka Þórs Grönfeldt „Föðurlandsást snýst upp í andhverfu sína“.
 - a. Umræður

9. Önnur mál.

- a. Þóra Magnea biður um nánari lýsingu á stöðunni í NA sem er komin lengst í að undirbúa forval. Sóley og Ingibjörg segja frá.
- b. Berglind Häsler hefur sagt sig úr stjórn til að taka við umsjón viðburða og samskipta á skrifstofu VG fram yfir Alþingiskosningar 2021

Fundi slitið kl. 17.37.

Næsti stjórnarfundur verður aukafundur fyrir flokksráðsfund boðaður með dagskrá.